

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. janúar 2023 eftirfarandi:

Miðskógar 17, óveruleg breyting á deiliskipulagi Miðskóga.
Breytingin gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 16. febrúar 2023 eftirfarandi:

Víkurgata 21, óveruleg breyting á deiliskipulagi vesturhluta Urríðaholts.
Breytingin gerir ráð fyrir heimild til að svalir nái út fyrir byggingarreit.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 16. mars 2023 eftirfarandi:

Mávanes 23, óveruleg breyting á deiliskipulagi Arnarness.
Breytingin gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreit.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 13. apríl 2023 eftirfarandi:

Ránargrund 1, óveruleg breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.
Breytingin gerir ráð fyrir því að einbýlishúsalóðin við Ránargrund 1 verði skipt upp í tvær lóðir.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 16. maí 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 16. maí 2023